

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis – Geirþrúðarhagi 2.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 27. mars 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Geirþrúðarhaga 2.

Breytingin felur í sér að lóðarmörk hliðrast lítillega án breytingar á lóðarstærð. Byggingarreitur fyrir bílgeymslu stækkar og hækkar nýningarhlutfall úr 0,28 í 0,40 einnig lækkar lágmarkslofthæð í 2,3 m. Breytingar verða á bílastæðum og stækkar því lóðin úr 1.975 m<sup>2</sup> í 2.045 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall fjölbýlishússins hækkar úr 0,97 í 1,2. Svalir íbúða mega ná 2,0 m út fyrir byggingarreit. Stigahús og svalagangar mega ná 0,6 m út fyrir byggingarreit. Aðkoma að leiksvæði verði norður úr húsinu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. apríl 2019,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. apríl 2019